

**Ed.**

**75. Frumvarp til laga**

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Sumarleyfi iðnnema skal vera 18 dagar virkir, með fullu kaupi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem miðar að því, að orlofstími iðnnema lengist úr 12 dögum í 18 daga, er efnislega samhljóða frumvarpi því, er nú liggur fyrir Alþingi, um breytingu á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, en þar er lagt til, að orlofstíminn verði almennt lengdur úr 12 dögum í 18 daga.

Þegar lögín um iðnfræðslu voru sett, var sumarleyfistími iðnnema miðaður við hina almennu reglu orlofslaganna. Þykir því rétt, að sama gildi nú og er þetta frumvarp lagt fram til að lögfesta, að sumarleyfistími iðnnema verði jafn hinum almenna orlofstíma.